

Mánudaginn 5. febrúar 1990.

Nr. 428/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Guðmundi Inga Hildissyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Stjórnarskrá. Dómstólar. Mannréttindasáttmáli Evrópu, lögskýring. Ómerking. Heimvísun. Bráðabirgðaökuleyfissvipting. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 10. október 1989 að ósk ákærða og jafnframt af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu, en staðfestingar á ökuleyfissviptingu. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti var þess krafist af hálfu ákærvalds með hliðsjón af dómum Hæstaréttar í málunum nr. 120, 240 og 300/1989, uppkveðnum 9., 12. og 17. janúar sl., að hinn áfrýjaði dómur og meðferð máls þessa fyrir sakadómi Keflavíkur yrðu felld úr gildi og málinu vísað til nýrrar meðferðar og dómsálagningar í héraði.

Verjandi ákærða krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð fyrir sakadómi Keflavíkur verði dæmd ógild og málinu vísað heim í hérað til löglegrar efnismeðferðar og uppkvaðningar dóms að nýju. Jafnframt krefst hann þess, að bráðabirgðaökuleyfissvipting ákærða frá 20. júlí 1988 verði felld úr gildi.

I.

Fulltrúi sá, sem kvað upp hinn áfrýjaða dóm, starfar á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík, en bæjarfógetinn er jafnframt lögreglustjóri þar. Fulltrúi sá, sem annaðist dómsrannsókn í máli þessu 3. október 1988 og 22. febrúar 1989, starfar einnig á ábyrgð bæjarfógetans í Keflavík. Sakarefni máls þessa var rannsakað af lögreglunni í Keflavík. Með vísan til dóms Hæstaréttar 9. janúar sl. í málunum nr. 120/1989 verður að telja, að bæjarfógetanum í Keflavík og fulltrúum hans hafi borið að víkja sæti við dómsmeðferð þessa

máls. Ber því að fella hinn áfrýjaða dóm úr gildi og alla meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og vísa málinu heim í hérað til nýrrar dómsmeðferðar og dómsálagningar.

II.

Fulltrúi lögreglustjórans í Keflavík svipti ákærða ökuleyfi til bráðabirgða, og var sú ákvörðun birt ákærða 20. júlí 1988. Þótt hinn áfrýjaði dómur sé felldur úr gildi, leiðir það ekki af sjálfu sér til þess, að bráðabirgðaökuleyfissviptingin falli niður. Sú svipting stendur, þar til dómur gengur að nýju, en ákærði á rétt á að bera bráðabirgðasviptinguna undir dómstóla, sbr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

III.

Ákæra í máli þessu var gefin út 21. mars 1989, en brot það, sem ákært var út af, var talið framið 29. janúar 1987. Dómsrannsókn í máli þessu fór öll fram, áður en ákæra var gefin út. Hinn 3. október 1988 komu þrír lögreglumenn fyrir dóm, og 22. febrúar 1989 kom ákærði fyrir dóm og hafnaði dómsátt í málinu. Hinn 7. júní 1989 var ákærða birt ákæra, og þá var bókað eftirfarandi: „Ákærða er lesið ákæruskjalið og honum afhent afrit. Málið telst fullrannsakað og er tekið til dóms.“ Er bókun þessi ekki í samræmi við ákvæði 121. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála og fullnægir ekki áskilnaði um sjálfstæða rannsóknarskyldu dómara, og ber að átella það.

IV.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun, eins og í dómsorði greinir. Fjárhæðin, sem þar er tilgreind, er án söluskatts og virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er felldur úr gildi og öll meðferð málsins fyrir sakadómi Keflavíkur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Áfallinn sakarkostnaður í héraði greiðist úr ríkissjóði.

Allur áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Dómur sakadóms Keflavíkur 14. september 1989.

Ár 1989, fimmtudaginn 14. september, var í sakadómi Keflavíkur, sem háður var á skrifstofu embættisins, Hafnargötu 62 í Keflavík, af Þorsteini Péturssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 212/87: Ákærvaldið gegn Guðmundi Inga Hildissyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ákærvaldsins hálfu gegn „Guðmundi Inga Hildissyni, Heiðarhvammi 9, Keflavík, kt. 200348-3119, fyrir að aka aðfaranótt fimmtudagsins 29. janúar 1987, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni Ö-544 frá heimili sínu og um götur í Keflavík þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á gatnamótum Faxabrautar og Hringbrautar.

Telst þetta varða við 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr., umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. áður 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80., gr. umferðarlaga nr. 40,1968, sbr. lög nr. 54,1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. og 102. gr. umferðarlaga nr. 50,1987, sbr. áður 81. gr. umferðarlaga nr. 40,1968, og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

— — —

Dóminn kvað upp Þorsteinn Pétursson fulltrúi, sem tók við málinu í byrjun júní 1989.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðmundur Ingi Hildisson, greiði 30.000 króna sekt í ríkissjóð, en ef sektin greiðist ekki innan fjögurra vikna, þá sæti ákærði 15 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í þrjú ár frá 20. júlí 1988 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Þórhallssonar hrl., kr. 30.000.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.